



Bæjarráð Reykjaneshæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjaneshæjar

Reykjaneshæjar, 22. maí 2024

Mál nr. 2024030549

Efni: Almenningsamgöngur á hátíðum

Óskað er eftir að Reykjaneshæjar greiði fyrir akstur strætó mánudaginn 17. júní 2024 en strætó gengur alla jafna ekki á „rauðum“ dögum. Óskarð er eftir þessu til að jafna aðgengi allra íbúa að hátíðarhöldum sem fram fara í skrudgarðinum við Tjarnargötu. Lagt er til að ekið verði skv. laugardagsáætlun.

Í okkar ört stækkandi sveitarfélagi hafa vegalengdir á milli staða augljóslega lengst og því um nokkurn veg að fara fyrir þá íbúa sem búa hvað lengst frá hátíðarsvæði. Ekki hafa allir yfir bílum að ráða og því væri mikill kostur að strætó gengi þennan dag svo allir sem vilja fái notið hátíðarhaldanna. Á síðasta ári var boðið upp á strætó á 17. júní og voru 700 innstig í vagninn þann dag.

Kostnaður við akstur þennan dag er kr.220.000 skv. upplýsingum frá BUS4U.

Guðlaug María Lewis
Menningarfulltrúi

Ráðhús Reykjaneshæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjaneshæjar

Sími: 421 6700
reykjaneshæjar@reykjaneshæjar.is
www.reykjaneshæjar.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni